



Aðalfundur siglingaklúbbsins Pyts 2018

Haldinn 12. Febrúar kl 20 í húsnæði klúbbsins.

1. Fráfarandi formaður, Gunnar Freyr Gunnarsson, bauð fundarmenn velkomna og bar Jón Pétur Friðriksson upp sem fundarstjóra og Árna Þór Hilmarsson sem fundarritara. Hvorutveggja var samþykkt. Jón Pétur tók við fundarstjórn.
2. Skýrsla stjórnar. Gunnar Freyr flutti skýrslu stjórnar.
3. Reikningar félagsins. Árni Geir Þórmarrson, gjaldkeri fór yfir reikninga klúbbsins. Hann gerði m.a. sérstaka grein fyrir verktakagreiðslum til Markus Lifenet. Gerði einnig grein fyrir innheimtu félagsgjalda og erfiðleikum með framkvæmd innheimtunnar. Eftir framsögu gjaldkera var borin upp fyrirspurn úr sal um þriðja hluta ársreiknings og um skrá yfir áhöld og tæki klúbbsins. Gjaldkeri svaraði fyrirspurn og gerði nánari grein fyrir uppsetningu reikninganna. Fyrirspurn var borin upp vegna verktökureiknings frá Markus Lifenet. Fyrrum formaður Pétur Pétursson steig í pontu og rakti tilurð reikninganna. Kvað hann meginhluta þeirra vera vegna launagreiðslna starfsmanns sem var lánaður klúbbum og vegna viðhalds báta sem Pétur sjálfur og Markús sonur hans unnu. Spurning barst úr sal hvort reikningarnir hefði verið samþykktir og staðfesti Pétur það. Ragnar Hilmarsson bar upp fyrirspurn um sölu Valiant báts sem gjaldkeri svaraði og kvaðst myndu afla frekari upplýsinga en hann hefði nú á takteinum. Athugasemd barst varðandi það að allar skuldir væru flokkaðar sem skammtímaskuldir en í eðli sínu væri hluti þeirra langtímaskuldir. Enn var svo beðið um nánari skýringar á launagreiðslum í gegn um Markus Lifenet. Pétur steig aftur í pontu og geri nánari grein fyrir málinu. Einnig rakti hann skiptingu kostnaðar milli klúbbsins og bæjarins. Í því sambandi rakti hann hvernig ýmsir liðir eru bókfærðir. Gunnar Geir Halldórsson og Ragnar Hilmarsson gerðu athugasemdir við útskýringar Péturs. Að fyrirspurnum og athugasemdum loknum var ársreikningur samþykktur með fyrirvara um að ekki kæmu frekari athugasemdir frá innri úttektarmönnum.
4. Lagabreytingar. Ragnar Hilmarsson gerði grein fyrir störfum laganefndar sem samanstóð af honum og Agli Kolbeinssyni. Ragnar fór yfir breytingar sem nefndin leggur til í nýrri útgáfu laganna. Að lokinni yfirferð Ragnars var borin upp fyrirspurn um félagsfundi og tillaga um að gjaldkeri sé kosinn sérstaklega. Egill Kolbeinsson kom í pontu og útskýrði tilgang lagagerðarinnar. Taldi hann að leggja beri áherslu á að lögin væru einföld. Nils Daníelsson bar upp breytigartillögu við 6. gr. nýrra laga og leggur til að í stað orðsins „félagsfundur“ standi „aðalfundur“. Lagði einnig fram tillögu um að aðalfundur megi halda í febrúar. Daníel Helgason kom í pontu og gerði athugasemd við orðaval eins fundarmanns. Ræddi hann um tímasetningar og yfirferð reikninga sem hann taldi of knappa. Gjaldkeri tók undir orð Daníels. Pétur tjáði þá skoðun sína að aðalfundur megi ekki dragast fram yfir 15. febrúar vegna aðalfundar SÍL.
Breytingatillögur voru bornar undir atkvæði og samþykkti fundurinn breytingartillögu við lið 4.3 um að aðalfundur skuli halda fyrir 15. febrúar og tillögu Nils Daníelssonar að 6. grein laganna skuli hljóða svona: „Kaup og sala á fasteignum Þyts skal háð samþykki aðalfundar og

þarf til þess samþykki 2/3 atkvæða atkvæðisbærra manna.“ Lögin voru svo borin upp í heild sinni með áorðnum breytingum og voru þau samþykkt.

Í kjölfar umræðu um lög komu upp vangaveltur um hvort kjósa þurfi nýja stjórn í heild sinni vegna nýrra laga. Málið var rætt en niðurstaðan var sú að fundurinn teldi ekki þörf á því.

5. Kjör formanns. Aðeins einn fundarmaður gaf kost á sér, Gunnar Geir Halldórsson og var hann kjörinn án mótakvæða.
6. Stjórnarkjör. Árni Geir Þórmarsson, gjaldkeri, og Árni Þór Hilmarsson, ritari, gáfu kost á sér áfram. Engin önnur framboð komu fram og voru þeir því sjálfkjörnir. Höður Páll Guðmundsson og Karitas Guðmundsdóttir gáfu kost á sér sem varamenn og voru þau kjörin samhljóma.
7. Félagsgjald. Stjórn leggur til að upphæð félagsgjalds verði óbreytt en að það gildi aðeins fyrir einstaklinginn en sé ekki fjölskyldugjald eins og áður var. Nýr formaður bar upp þá tillögu að félagsgjald verði 7500 kr á hvern einstakling 18 ára og eldri en 5000 kr á hvern yngri félaga. Í umræðum um félagsgjöld stóð gjaldkeri upp og greindi frá óánægju foreldra með að börn þeirra væru skráð í klúbbinn við þátttöku í námskeiðum. Tillaga nýs formanns um félagsgjöld var samþykkt en ákvörðun annarra gjalda vísað til stjórnar.
8. Kosning skoðunarmanna. Gjaldkeri lagði til að skoðunarmenn yrðu óbreyttir, þeir Daníel og Þórður Helgasynir en Nils Daníelsson til vara. Tillagan var samþykkt.
9. Kosning fulltrúa á þing ÍBH og SÍL. Útnefningu fulltrúa þyts var vísað til stjórnar.
10. Önnur mál.

Pétur Pétursson kom í pontu og þakkaði stjórnarsamstarfið á liðnu ári. Hann sagðist vona að allir muni vinna saman að því að efla starfið enn meir og rakti brýn verkefni við viðhald bátafloa félagsins. Þar næst bauð hann nýjan formann velkominn og lét nokkur stuðningsorð falla í hans garð. Þar næst vék hann máli sínu að framtíðarskipulagi svæðisins og lýsti hugmyndum sínum varðandi skipulag þess. Sagðist hann vonast til að fá stuðning fundarmanna við að leggja fram tillögur byggðar á þeim hugmyndum.

Nýkjörinn formaður þakkaði auðsýnt traust. Hann vitnaði í nýsamþykkt lög um gerð fjárhagsáætlunar og dreifði drögum að fjárhagsáætlun varðandi verkefni ársins og sagði áætlunina verða kynnta á heimasíðu klúbbsins. Einnig sagði hann að hann myndi ganga eftir því að fá upp hverjar samþykktir Hafnarfjarðarbæjar varðandi fjárveitingar til klúbbsins frá í hasust hefðu verið.

Pétur kom aftur í pontu og fjallaði um fjárhagsáætlanir og hvernig fjármagnsliðum er skipt á ýmsar deildir bæjarins.

Formaður ÍBH gerði nánari grein fyrir vinnslu fjárhagsáætlunar og áherslupáttum 2018.

Nýkjörinn formaður lagði áherslu á að það væri ekki á hendi stjórnar að vinna öll þau verkefni sem lægju fyrir, það yrði að vera sameiginlegt átak alls klúbbsins.

Formaður SÍL, Jón Pétur Friðriksson, steig í pontu og lét nokkur hlý hvatningarorð falla í garð siglingaklúbbsins.

Ekki fleira gert og fundi slitið.